VIÐAUKI I

Á umbúðir alifugla og afurða þeirra skal skrá leiðbeiningar um meðhöndlun og matreiðslu. Skal það gert með merki því sem fram kemur í þessum viðauka og skal merkið að lágmarki vera 3 x 5 cm að stærð. Yfirskrift á merki skal vera í 14 punkta letri og annar texti að lágmarki 9 punktar. Texti í merki skal vera skýr og auðlesinn og þannig að hann sé annað hvort dökkur á ljósum grunni eða ljóst letur á dökkum grunni. Merking skal vera sem hér segir:

Gerum rétt

- Blóðvökvi á ekki að komast í aðra matvöru eða áhöld
- Látið frosið fuglakjöt þiðna í umbúðunum
- Gætið að hreinlæti
- Kjötið skal vel steikt eða soðið

Nr. 689 21. ágúst 2002

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Hólmavík hinn 9. júní 2002 við sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 320/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Hólmavíkurhreppur.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

Nr. 690 25. september 2002

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi, Hafnarfirði.

„Íbúðahverfi í Hvömmum" vegna Smárahvamms 1.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí 2002 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðahverfis í Hvömmum" vegna Smárahvamms 1, Hafnarfirði.